

## Áfangalýsing

**Heiti áfanga:** SÆNS2AA05

**Staða áfanga:** Áfangi SÆNS2AA05 er fyrsti áfangi í sænsku á menntaskólastigi, en ekki byrjendaáfangi, samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla – Erlend tungumál.

Kennt er á sænsku.

**Undanfarar:** Sænskunám í grunnskóla eða sambærilegt nám.

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: SÆNS2BB05.

Sú undirstöðukunnátta sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað námið í sænsku felst í að hann

- skilji vel allt almennt tal á sænsku
- geti lesið og skilið almenna sænska texta
- geti tjáð sig munnlega á sænsku um flest almenn efni
- geti tjáð sig skriflega um flest almenn efni á nokkurn veginn réttu máli

Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það sænskunám sem í boði er fyrir þennan nemendahóp.

**Stutt lýsing á efni áfangans:** Í framhaldi af sænskunámi í grunnskóla eru nemendur þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum, tali, hlustun, lestri og ritun. Í áfanganum eru rifjuð upp helstu undirstöðuatriði málfræði og réttitunar. Málfræðihugtök eru kynnt. Textar eru valdir við hæfi nemenda úr þessum efnisflokkum: kynningartextar um land og þjóð, fréttatextar og bókmenntir. Unnið er markvisst með orðaforða, þjálfun í að nota orðabækur, sérstaklega á rafrænu formi. Stefnt er að því að auka orðaforða nemenda og að þeir geti tjáð hugsun sína og rökstutt mál sitt bæði munnlega og skriflega. Unnið er með þema- og ferlisverkefni, tengd daglegu lífi eða dvöl nemenda á Norðurlöndum með hjálp upplýsingatækni. Nemendur lesa tvær skáldsögur í áfanganum og skrifa bókmenntaritgerðir um þær í tíma.

Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og til að bera ábyrgð á eigin námi.

**Námsmat:** Námsmat í SÆNS2AA05 byggist á bókmenntaritgerðum, hlutaprófi og lokaprófi.

Målet med gymnasieundervisningen i svenska är:

- att förbättra elevernas språkliga kompetens genom att öka deras ordförråd genom diverse övningar och läsning av olika texttyper
- öva grammatiska strukturer
- utvidga deras förmåga till att uttrycka sig både muntligt och skriftligt
- att ge eleverna närmare insikt i svensk litteratur och svenska språkets utveckling i det svenska samhället i dag och i dess historia
- en strävan efter att vidmakthålla och bygga ut elevernas kunskaper de skaffat sig i Sverige och göra dem beredda att i framtiden verka i ett nordiskt samhälle